

# Landssamband slökkviliðsmanna

National Fire Fighter's Union, Iceland

Fagstéttarfélag stofnað 2. maí 1992 · Fagfélag stofnað 12. maí 1973



Alþingi

Erindi nr. 120/1750

Félagsmálanefnd Alþingis

komudagur 29/4

Ríkjavík 24. apríl 1996

1996

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sáttarstörf og vinnudeilur

Landssamband slökkviliðsmanna hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um sáttarstörf og vinnudeilur, 415. mál sáttarstörf, vinnustaðafélög, vinnustöðvun o.fl.

Landssamband slökkviliðsmanna telur að með framlagningu frumvarpsins séu staðfest áform um einhliða breytingu af hálfu ríkisvaldsins á vinnulöggjöfinni sem allt samskipta- og samningaferli launamanna og atvinnurekenda byggir á.

Slíkri málsmeðferð vill Landssamband slökkviliðsmanna harðlega mótmæla enda grundvallaratriði að launafólk ekki síður en atvinnurekendur geti treyst því að slíkum grundvallarforsendum samningaferlis sé ekki breytt einhliða og með ásetningi annars samningsaðilans. Ekkert eiginlegt samráð hefur verið haft við samtök launafólks og þeim þannig sýnt mikið virðingarleysi svo og að engu gerður sá samráðsréttur er fram til þessa hefur verið talinn sjáflsagður þegar tekist er á um grundvallarréttindamál sem þessi. Áréttað er að öll framkvæmd slíkra laga byggir á að sátt ríki um meginefni slíkra laga.

Að mati Landssamband slökkviliðsmanna er afar mikilvægt að ákveðið traust geti ríkt milli ríkisvaldsins, aðila vinnumarkaðarins og samtaka launafólks um slík grundvallarmál. Framangreint vinnulag ríkisstjórnarinnar hefur nú þegar skaðað veruleg trúnað milli þessara aðila enda frumvarpið flutt í algjörri andstöðu við samtök launafólks í landinu og þannig ekki líklegt að friður skapist um framkvæmd slíkra lagasetningar.

Efnislega er Landssamband slökkviliðsmanna ósammála fjölmörgu er frumvarpið hefur að geyma en vísar að öðru leiti til umsagnar stjórnar BSRB og athugasemda við frumvarpið.

Landssamband slökkviliðsmanna skorar á ríkisstjórnina að draga frumvarpið nú þegar til baka og ganga þess í stað að til samráðs og samninga um efni þess við samtök launafólks sem er í samræmi við leikreglur lýðræðisþjóðfélaga. Þá er Félagsmálanefnd hvött til að beita sér fyrir framangreindri málsmeðferð m.a. með því að leggjast gegn framgangi frumvarpsins.

Virðingarfyllst

E.h. Landssamband slökkviliðsmanna

Guðmundur Vignir Óskarsson

formaður